

Einkafjárfestar vilja stjórnarformanninn

Einkafjárfestar vilja stjórnarformanninn



Morgunblaðið

Hópur einkafjárfesta hefur komið sér saman um stuðning við framboð Benedikts Gíslasonar til stjórnar tryggingafélagsins VÍS.

Í fréttaskýringu um þetta mál í Morgunblaðinu í dag kemur fram, að vilji einkafjárfestanna er að Benedikt, sem starfaði sem ráðgjafi stjórnvalda við afnám fjármagnshafta, taki við stjórnarformennsku í félaginu. Hann er í hópi 10 einstaklinga sem boðið hafa fram krafta sína til setu í stjórninni næsta árið. Kosið er um fimm stjórnarsæti á framhaldsaðalfundi í félaginu sem haldinn verður síðar í dag.

Boða þurfti til fundarins í kjölfar þess að tveir af þremur karlkyns frambjóðendum drógu framboð sín til stjórnar til baka á aðalfundi félagsins í marsmánuði. Með þeirri aðgerð komu þeir í veg fyrir að hægt væri að ganga til stjórnarkjörs þar sem ekki var hægt að uppfylla kröfur um kynjakvóta.